

SAMKOMULAG

um umgjörð upplýsingagjafar frá ríki til heildarsamtaka ríkisstarfsmanna

1. gr. Aðilar

Aðilar samkomulagsins eru annars vegar fjármálaráðuneytið og hins vegar Bandalag háskólamanna (BHM), Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (BSRB) og Kennarasamband Íslands (KÍ) fyrir hönd aðildarfélaga sinna.

2. gr. Markmið og tilgangur

Upplýsingagjöf til bandalaga og stéttarféлага um laun og félagsmenn hefur verið með misjöfnum hætti og farið í gegnum ólíka miðla. Með samkomulagi þessu verður upplýsingagjöf samræmd milli heildarsamtaka ríkisstarfsmanna og aðildarfélaga þeirra.

Bókun um heildarendurskoðun upplýsingagjafar, sem fylgdi kjarasamningum aðila árið 2005, telst með samkomulagi þessu lokið. Jafnframt falla niður aðrar heimildir og samningar um upplýsingagjöf sem gerðar voru fyrir gildistöku bókarinnar 2005.

3. gr. Launagögn

Fjármálaráðuneytið útbýr og gerir aðgengileg launagögn úr launavinnslukerfi ríkisins sem varða félagsmenn aðila samkomulagsins.

Tilgangur með launagögnunum er að gera aðilum samkomulagsins kleift að fylgjast með framgangi kjarasamninga og launaþróun félagsmanna sinna. Launagögn skulu afhent með reglubundnum hætti, að jafnaði ársfjórðungslega tveimur mánuðum eftir að viðkomandi launatímabili lýkur.

Persónuauðkenni skulu dulin. Að vissum fjöldatakmörkunum uppfylltum skal einnig birta upplýsingar um stofnun. Að öðru leyti vísast í meðfylgjandi færslulýsingar A og B. Breytingar á færslulýsingum skulu háðar samþykki aðila í samráðshópi sbr. 6. gr.

Fjármálaráðuneytið skuldbindur sig jafnframt til að birta með aðgengilegum og opinberum hætti, samandregnar upplýsingar um meðallaun stéttarféлага.

4. gr.

Upplýsingar um félagsmenn stéttarfélaga

Fjármálaráðuneytið útbýr og gerir aðgengilega skrá með upplýsingum um félagsmenn aðila samkomulagsins úr launavinnslukerfi ríkisins.

Tilgangurinn er að veita aðilum samkomulagsins upplýsingar um hvaða starfsmenn ríkisins greiða til viðkomandi félaga og hvar þeir starfa. Einnig nýtist skráin sem kjörskrá vegna kjarasamninga. Ekki er gert ráð fyrir að skráin sé notuð í öðrum tilgangi. Upplýsingarnar skulu afhentar með reglubundum hætti.

Að öðru leyti vísast í meðfylgjandi færslulýsingu C. Breytingar á færslulýsingu skulu háðar samþykki aðila í samráðshópi sbr. 6. gr.

5. gr.

Meðferð og notkun gagna, notendur

Viðtakendur gagna og upplýsinga samkvæmt samkomulagi þessu bera ábyrgð á notkun og mögulegri framsendingu þeirra eins og við á hverju sinni. Viðtakendur og notendur gagna skuldbinda sig til að gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda öryggi þeirra. Fara skal eftir lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, eins og við getur átt hverju sinni.

Gögn og upplýsingar samkvæmt samkomulagi þessu skulu aðeins vera aðgengilegar starfsmönnum og fulltrúum heildarsamtaka og stéttarfélaga, sem aðild eiga að samkomulagi þessu, og þurfa á þeim að halda starfa sinna vegna. Skulu þeir upplýstir um viðeigandi notkun og meðferð þeirra. Óheimilt er að veita þriðja aðila / óskyldum aðila aðgang að skránum, nema slíkt sé í beinum tengslum við starfsemi samtakanna.

Gögn, sem afhent eru samkvæmt mismunandi greinum samkomulags þessa, skulu notuð með sjálfstæðum hætti og er óheimilt að samkeyra upplýsingar úr þeim nema með samþykki samráðshóps sbr. 6. gr.

6. gr.

Samráðshópur samningsaðila um tölfræði og upplýsingagjöf

Samráðshópur samningsaðila um tölfræði og upplýsingagjöf skal skipaður fulltrúum fjármálaráðuneytis, BHM, BSRB og KÍ. Fjármálaráðuneytið skipar tvo fulltrúa og hvert bandalag skipar einn fulltrúa. Ekki skal greiða sérstaklega fyrir setu í hópnum.

Hlutverk samráðshópsins er meðal annars að kerfisbinda og þróa fyrirkomulag reglubundinnar upplýsingagjafar ríkis til heildarsamtaka og opinbera birtingu upplýsinga um laun starfsmanna ríkisins. Þá skal hópurinn fjalla um önnur þau verkefni og sérvinnslur sem samningsaðilar óska eftir. Notkun og dreifing á gögnum eða upplýsingum úr sérvinnslur eru háðar þeim skilyrðum sem starfshópurinn setur hverju sinni.

Samráðshópurinn skal kosta kapps um að skapa einhug um lausn þeirra verkefna sem honum eru falin og skulu ákvarðanir ekki teknar með afli atkvæða.

7. gr.
Gildistími og endurskoðun

Samkomulag þetta tekur gildi við undirritun. Að ári liðnu skal það endurskoðað í ljósi reynslunnar.

Þaðan í frá skal samkomulagið endurskoðað ef einhver aðili þess óskar, en þó ekki sjaldnar en á þriggja ára fresti. Hverjum aðila um sig er hvenær sem er heimilt að segja samkomulaginu upp með 6 mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.

Reykjavík, 24. september 2010

F.h. fjármálaráðherra

F.h. Bandalags háskólamanna

F.h. BSRB

F.h. Kennarasambands Íslands